

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Suðurlandsbraut 8 og 10.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 18. september 2015 breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Vegmúla og Ármúla vegna lóðanna nr. 8 og 10 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að byggingarreitir framhúsanna sem eru að hluta til sjö hæða og að hluta til tveggja hæða verða sjö hæða, sjöunda hæð verði inndregin og komið verði fyrir nýjum byggingarreit fyrir útbyggingu á 4. og 5. hæð á vesturhlið hússins á lóð nr. 10. Heimilt verður að byggja tengiganga milli húsa á efri hæðum, til þess að hægt verði að tengja framhúsin saman. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Háskólinn í Reykjavík.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 27. ágúst 2015, breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík í samræmi við niðurstöðu hugmynda-samkeppni um deiliskipulag Háskólans í Reykjavík, Háskólagarða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 14. október 2015.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2015